


Afstöðumynd

Mkv. 1:500

# BYGGINGARLÝSING

Fyrirhugað bygging á lóðinni við Suðuhellu 12 er stálgrindarhús á tveim hæðum. Byggingin er ætluð fyrir atvinnustarfsemi.Gert er ráð fyrir að hluti byggingar er fyrir starfsemi fyrirtækisins Kerfis ehf. og hluti byggingar verði leigður út til ýmissa fyrirtækja.

Á lóð er gert ráð fyrir 68 bílastæðum og tveim sorpgámum.
Sökklar og botnplata eru staðsteypt með járnbentri steinsteypu og einangruð með 75 mm plasteinangrun. Burðarvirki hússins er úr stáli .

Útveggjaeiningar eru PIR einigar sem samanstanda af báruformuðum stálplötum sem festar eru á lóðrétta stálprófíla með sjálfborandi skrúfum.
Undirbygging undir klæðningu eru lóðréttir stálprófílar, sem festast á vegglangbönd.
Útveggir eru einangraðir með 80 mm. úrithan einangrun.

Þakvirkið er úr performeruðu prófílstáli.Ofan á stálið er sett hljóðísogsdúkur,vandað rakavamarlag, 200mm þéttull sem er varin með viðurkenndum pvc þakdúk (T2 vörn) sem dybblaður niður í prófílstál.(Eldvarnarkrafa R 30)

Milligólf er myndað úr prófílstáli sem er látið hvíla á stálbitum.Ofan á prófílstálið er jámbent steinsteypa.(Eldvarnarkrafa REI 90)
Gluggar eru úr viðurkenndu plastefni og glerjaðir með tvöföldu K-gleri.

Innveggir eru úr stálstoðum með 2 x tvöfuldu lagi af gifsplötum með einangrun. Húsið er hitað upp með hefðbundnu ofnakerfi og hitablásurum. Frárennslislagnir efri hæðar eru leiddar um lagnastokka niður í gólflagnakerfi hússins. Í aflokuðum gluggalausum rýmum skal vera loftræsting. Í votrýmum skal koma fyrir gólfniðurföllum.

Varðandi óráðstafað iðnaðarhúsnæði , þá verður sótt um sérstaklega um nýtingu hvers rýmis.
*Fráveitukerfi verður aðgreint og mengunarútbúnaður verður settur í samráði við heilbrigðisnefnd.*

**KÓLNUNARTÖLUR**

| | |
|---|---|
| U gildi þaks | 0,20 W/m² K |
| U gildi útveggja | 0,40 W/m² K |
| U gildi útveggja vegið meðaltal | 0.85 W/m² K |
| U gildi glugga | 2.00 W/m² K |
| U gildi hurða | 3.00 W/m² K |

**STÆRÐARMÁL**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Flatarmál húss | | 2.344,1 m² | |
| Rúmmál húss | | 8.799,9 m² | |
| Lóðarstærð | | 4.700,0 m² | |
| Nýtingarhlutfall | | 0,5 | |
| Bílastæðabókhald | Lagerrými | 686,5 m² | 1 stæði / 100m² = 7 stæði |
| | Atvinnuhúsnæði | 1658,6 m² | 1 stæði / 30m² = 56 stæði |
| Bílastæðaþörf | | =63 stæði | |
| Bílastæðafjöldi | | =68 stæði | |

Móttekið 30 JUL 2008
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Jón Sigurðsson

**TÁKN**

| | |
|---|---|
| GN | = Gólfniðurfall |
| ÞN | = Þakniðurfall |
| LR | = Loftræsting |
| VLR | = Vélknúin loftræsting |
| PK | = Póstkassar |
| NL | = Neyðarljós |
| BO | = Björgunarop |
| R | = Reykskynjari |
| *HSL* | = *Handslökkvitæki* |
| ÚT ▸ | = Merktur útgangur |
| BO | = Fellistigi við björgunarop |
| | = Brunaslanga |
| | = Stigleiðsla |
| | = Stigleiðsla út |
| ! | = Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis |
| | = Inntak |
| | = Bílastæði fyrir fatlaða |
| EI60, EI90, A-EI60, A-EI120, REI60, REI120, A-REIM120 | = Veggir og hæðaskil |
| E-CS30, EI-CS30, EI-CS60 | = Hurðir |
| E30 | = Gluggar |

**BREYTING**

| Breyting | Dagsetning | Teiknað | Yfirfarið |
|---|---|---|---|
| 1 | DD.MM.YY | XXX | XXX |
| X | | | |

## Niðurstöður brunavarna

**Brunasamstæður**

Húsið skiptist í þrjár brunasamstæður, stærst u.þ.b. ~~1480~~ 751 m2.

Brunasamstæðuskil verða með a.m.k. REI90/EI 90 veggjum, REI90 hæðaskilum og a.m.k. EI2 60-CSm hurðum.

**Brunahólfun**

Brunahólf skulu almennt vera a.m.k. EI 60 veggir með EI2 30-CSa/E 30-CSa hurðum. Gler í brunahólfandi veggjum er almennt a.m.k. E30.

Lager, verkstæði og hluti vörumóttöku er eitt brunahólf.

H2O-rými, þvottur og hluti vörumóttöku er eitt brunahólf.

Anddyri/sýningarsalur, fundarherbergi og stigahús á neðri hæð ásamt opnu skrifstofurými og fundarherbergi á efri hæð mynda eitt brunahólf.

Hvor verslun á neðri hæð er eitt brunahólf.

Inngangur í vesturenda ásamt stigahúsi og gangi á efri hæð myndar eitt brunahólf.

Hver skrifstofa á efri hæð í vesturenda er eitt brunahólf.

Tæknirými er sér brunahólf.

Hurðir í brunahólfun mega vera á hurðaseglum sem sleppa þeim við boð frá brunaviðvörunarkerfi.

**Burðarvirki**

Brunamótstaða aðalburðarvirkja efri hæðar verður a.m.k. R90

*Brunamótstaða burðarvirkis þaks verður a.m.k. R60.*

Brunamótstaða burðarvirkis stiga verður a.m.k. A-R30.

Hæðaskil verða a.m.k. REI90.

**Klæðningar**

Útveggir eru úr PIR einingum sem uppfylla ekki almennar kröfur til klæðninga í flokki 1 þess vegna skal klæða með gifsi innan á alla útveggi.

Allar innanhúsklæðningar verða í flokki 1 og gólfefni í flokki G.

Upphengd loft verða úr A-efnum.

**Flóttaleiðir**

Hvergi er lengra en 25 m í útgang eða annað brunahólf.

*1.hæð:*

Frá anddyri/sýningarsal eru tvær óháðar flóttaleiðir. Önnur um rennihurð með vararafmagni beint út og hin inn á gang sem er annað brunahólf og þaðan beint út.

Frá lager eru tvær óháðar flóttaleiðir. Önnur beint út og hin í gegnum vörumóttöku og þaðan beint út.

Frá verslun 0102 eru tvær flóttaleiðir sem ekki eru óháðar.

Frá verslun 0103 eru tvær óháðar flóttaleiðir beint út.

*2.hæð:*

Frá opnu skrifstofurými eru þrjár óháðar flóttaleiðir. Ein niður stiga og út um aðalinngang og *tvær út á svalir.*

Frá borðstofu og eldhúsi eru tvær flóttaleiðir, önnur fram í opið skrifstofurými þaðan sem eru tvær óháðar flóttaleiðir og hin út um björgunarop og niður fellistiga.

Frá hverju skrifstofurými í vesturenda eru tvær óháðar flóttaleiðir. Önnur fram á gang og þar annað hvort niður aðalstiga og út eða út að hringstiga í vesturgafli og hin flóttaleiðin er út á svalir.

Svalir liggja meðfram allri suðurhlið hússins og er aðkoma að þeim góð fyrir körfubíla slökkviliðs.

**Brunaviðvörunarkerfi**

Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi verður í öllu húsinu skv. reglum Brunamálastofnunar. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð. Stjórnstöð ásamt yfirlitsmynd verður í anddyri hússins og undirstöð í anddyri vesturenda.

**Loftræsikerfi**

Þannig skal gengið frá loftræsikerfum að þau rýri ekki brunahólfun byggingarinnar og stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna.

Bruna- og reyklokur (a.m.k. EIS60/ES60) verða í brunasamstæðuskilum / meginbrunahólfunarskilum.

Reyklokur verða almennt þar sem loftræsikerfi fara á milli megin brunahólfa.

Loftræsikerfi skal slökkva á sér við boð frá brunaviðvörunarkerfi.

Við brunaboð skulu bruna - og/eða reyklokur lokast.

**Reyklosun**

Reyklosun verður almennt um glugga og hurðir.

*Reyklosun frá lager verður um glugga ofarlega á vegg sem í verður auðbrennanlegt plast.*

**Slöngukefli og slökkvitæki**

Slöngukefli verða sett upp í öllu húsinu þannig að brunaslöngur nái út í öll horn.

Slökkvitæki skulu m.a. staðsett við brunaslöngur en auk þess vera í kaffistofum, eldhúsum og tæknirýmum. Hámarks fjarlægð í næsta slökkvitæki má hvergi vera meira en 25 m. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila.

Staðsetning brunaslanga og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum af hæfilegri stærð miðað við sjónfjarlægð.

**Út- og neyðarlýsing**

Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð.

Reikna skal með a.m.k. 1 lux á flóttaleiðum þ.m.t. gönguleiðum í lager en 0,5 lux í öðrum stærri rýmum (>60 m2) svo sem í opnu skrifstofurými og verslunum en einnig í fólkslyftum og salernum fyrir fatlaða.

Neyðarlýsing verður í tæknirýmum.

Lýsing þarf að vera utanhúss við neyðarstiga og útidyr flóttaleiða.

**Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa**

Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (brunaviðvörunarkerfi ásamt jaðarbúnaði, brunavarnabúnaði loftræsikerfa, handvirkum slökkvibúnaði, út- og neyðarlýsingu, vararafmagni rennihurða). Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir rekstraraðila í húsinu að Suðurhellu 12.

Sjá nánar um brunahönnun byggingarinnar í skýrslu VSI (08-172-bh01) frá því í júlí 2008.

**Teikningaskrá**

| Blað | Verkhluti | Mælikvarði |
|---|---|---|
| U101 | Tillaga að breyttu deiliskipulagi | 1:1000 |
| L101 | Afstöðumynd | 1:500 |
| L102 | Hæðarlega lóðar | 1:200 |
| A101 | Grunnmynd 1.hæð | 1:100 |
| A102 | Grunnmynd 2.hæð | 1:100 |
| A201 | Norður og Suður útlit | 1:100 |
| A202 | Austur og Vestur útlit | 1:100 |
| A301 | Snið | 1:100 |
| A601 | Skráningartafla | -- |

1:500 0 5 10 15 20 25 m

HEILBRIGDISEFTIRLIT HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Garðatorgi 7 - 210 Garðabæ
1-7-7-08

VSI
17-7-08


KRark
Kristinn Ragnarsson arkitekt ehf.
Suðurlandsbraut 4a - 3.hæð . 108 Reykjavík . Ísland
S. 564.2255 . Fax. 544.4225
Kt. 581298.3589 . www.krark.is . krark@krark.is


Suðurhella 12

Hafnarfjörður

Afstöðumynd

| | | | |
|---|---|---|---|
| Verknúmer: | 07023AI | Verkefnastjóri: | YAI |
| Hönnun: | KR.YAI | Teiknað: | YAI |
| Yfirfarið: | YAI.JGE | Samþykkt: | Kristinn Ragnarsson Kt. 120944.2669 |
| Mælikvarði: | 1:500 | Dagsetning: | 15.07.2008 |
| Skrá: | 07023AI-L101.dwg | Blað: | L101 |

© KRark

Save: 7/16/2008 9:46:16 PM Plot: 7/17/2008 12:00:44 PM